



Smáorð

Óbeygjanleg orð

SNUFA - SNAUF

- **Samtengingar**
- **Nafnháttarmerki**
- **Upphrópanir**
- **Forsetningar**
- **Atviksorð**

- **Samtengingar**
- **Nafnháttarmerki**
- **Atviksorð**
- **Upphrópanir**
- **Forsetningar**

Samtengingar – st.

Samtengingar tengja saman orð:

- Ég fór með Gunnu **og** Jóni
- Þórarinn fer til Ítalíu **eða** Grikklands

Í upptalningum er bara samtenging á undan síðasta atriðinu:

- Súsanna kaupir mjólk, sykur, kaffi **og** te.

Samtengingar tengja saman setningar:

- Blær fór í bíó í gær **af því að** hana langaði að sjá nýju íslensku myndina **sem** er víst mjög góð.

Margar samtengingar geta verið mörg orð:

- Af því að, vegna þess að, til þess að, eins og, hvorki/né, annaðhvort/eða o.s.frv.

Nafnháttarmerki – nhm.

*Nafnháttarmerki er bara orðið **að**, en eingöngu þegar það er á undan sagnorði í nafnhætti.*

- Ég ætla **að** sjá Hönnu keppa á morgun. *Nafnháttarmerki*
- Ég gekk **að** Hönnu og faðmaði hana þegar hún vann ekki. *Forsetning*
- Ég spurði hana hvort eitthvað væri **að**. *Atviksorð*
- Hún sagði **að** hún hefði gert sitt besta. *Samtenging*

Upphrópanir – uh.

Upphrópanir eru smáorð sem við hrópum upp yfir okkur og eru einu orðin sem geta komið í staðinn fyrir heilar setningar.

- Á, ái, hæ, hó, bæ, o.s.frv.

Auk þeirra eru orðin **já** og **nei** upphrópanir.



Forsetningar – fs.

*Forsetningar eru orð sem taka með sér fallorð í aukafalli. Við notum forsetningarnar **um**, **frá** og **til** þegar við fallbeygjum því þær taka með sér þf, þgf og ef.*

- Hrund leikur **við** *Guðmund* (þf).
- Mamma fór **með** *mig* (þf) **til** *læknis* (ef).
- Við lærum í *skólanum* (þgf).
- Þessi gjöf er **handá** *honum* (þgf).
- Ég gleðst **vegna** *jólanna* (ef).

Atviksorð.

Atviksorð standa með og segja nánar til um sagnorð, lýsingarorð eða önnur atviksorð (ath. lýsingarorð lýsa öðrum fallorðum).

- Ég kem **kannski** í kvöld. Þetta er **mjög** falleg peysa. Þessi hestur er **ekki mjög** stór.
- Gunnar les **fallega** (*fallega stendur með sagnorðinu að lesa og er því atviksorð*).
- Gunnar hefur fallega rödd (*fallega stendur með nafnorðinu rödd og er því lýsingarorð*).

Við prófum að breyta setningum til að athuga hvort orð eru atviksorð eða lýsingarorð.

- Við getum breytt setningum án þess að atviksorð breytist: Ég les **fallega**, þið lesið **fallega**. Orðið fallega breytist ekki.
- Ef við breytum setningum breytast lýsingarorð: Þið hafið fallegar raddir, Gunnar hefur fallegt bindi.

*Athugið að sum atviksorð geta stigbreyst, en þau geta **ALDREI** fallbeygst: Þórunn hleypur **hratt**, Þuríður hleypur **hraðar** en Þrúður hleypur **hraðast**.*